

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 17. mars 1992

um að skipuleggja tímabundna tilraun samkvæmt tilskipun ráðsins um markaðssetningu fódurjurtafræja með það fyrir augum að auka hámarksþyngd vörueiningar

(92/195/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/654/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 13. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 66/401 er kveðið á um hámarksþyngd vörueiningar í sambandi við þrófun á fræi.

Vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur í markaðssetningu á fræi og einkum aðferðum við flutning á fræi, m.a. búlka-sendingu, er nauðsynlegt að fyrirskipuð hámarksþyngd vörueiningar verði aukin.

Nú er tíðkað á alþjóðlegum vettvangi að leyfa aukna hámarksþyngd vörueiningar hvað tiltekna tegundir varðar.

Af þessum sökum ætti að skipuleggja tímabundna tilraun með vissum skilyrðum í því augnamiði að leita betri valkosta en felast í gildandi ákvæðum um hámarksþyngd vörueiningar.

Að því er tiltekna tegundir varðar er æskilegt að tilraunin taki einnig til fræs sem er ræktað í þriðju löndum.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Komið er á tímabundinni tilraun í bandalaginu, með þeim skilyrðum sem eru tilgreind í 2. gr., til að kanna hvort unnt sé að auka hámarksþyngd einingar sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipun 66/401/EBE, að því er varðar flokkinn „vottfest fræ“ af þeim tegundum graminæ og leguminosæ sem eru skráðar í 2. gr. tilskipunarinnar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 48.1. Að því er varðar graminæ og leguminosæ, að undanskildum *Lupinus* sp., *Pisum sativum* og *Vicia* sp., eru skilyrðin sem getið er um í 1. gr. sem hér segir:

- a) skilyrði sem mælt er fyrir um í „Bráðabirgðareglum um útgáfu vörueiningarvottorða frá Alþjóðasamtökum um fræeftirlit (ISTA) fyrir vörueingar gras- og garðfræja yfir hámarksþyngd vörueingar sem mælt er fyrir um í töflu 2A, sem eru fluttar í lausri vigt í búlkum“, samþykktum á 22. ráðstefnu ISTA í júlí 1989;
- b) um hverja vörueiningu, áður en hún er sett í búlka, skal staðfesta opinberlega að hún samræmist stöðlum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í II. viðauka tilskipunar 66/401/EBE;
- c) á opinberum vörumiða sem er fyrirskipaður samkvæmt áðurnefndri tilskipun, eða OECD-vörumiða fyrir þriðju lönd, skal númer þessarar ákvörðunar koma á eftir orðunum „EB-reglur og staðlar“;
- d) þegar aðildarríki tekur þátt í tilrauninni skulu sýni frá því aðildarríki vegna samanburðartilrauna í bandalaginu tekin úr vörueiningum sem eru opinberlega vottfestar í kjölfar tilraunarinnar;
- e) vottunaryfirvald skal hafa eftirlit með tilrauninni.

2. Að því er varðar *Lupinus* sp., *Pisum sativum* og *Vicia* sp. eru skilyrðin sem um getur í 1. gr. sem hér segir:

- a) hámarksþyngd vörueingar sem mælt er fyrir um í III. viðauka nefndrar tilskipunar skal aukin úr 20 tonnum í 25 tonn;
- b) misleitni vörueingar skal metin á grundvelli slembiúrtaks;
- c) hugsanlegar skemmdir á fræi sem afleiðing af búlka-sendingu skal metin á grundvelli slembiúrtaks;
- d) á opinberum merkimiða sem er fyrirskipaður samkvæmt téðri tilskipun skal númer þessarar ákvörðunar koma á eftir orðunum „EB-reglur og staðlar“;
- e) þegar aðildarríki tekur þátt í tilrauninni skulu sýni frá því aðildarríki vegna samanburðartilrauna í bandalaginu tekin úr vörueiningum sem eru opinberlega vottfestar í kjölfar tilraunarinnar;
- f) vottunaryfirvald skal hafa eftirlit með tilrauninni.

*3. gr.*

1. Öll aðildarríkin geta tekið þátt í tilrauninni.
2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórnina vita hvort þau hafa ákveðið að taka þátt í tilrauninni.
3. Tilrauninni skal ljúka 31. desember 1995. Aðildarríki geta hætt þátttöku í tilrauninni fyrir þann tíma.
4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum fyrir lok hvers árs skýrslu um niðurstöður úr tilrauninni.

*4. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. mars 1992.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ray MAC SHARRY

*framkvæmdastjóri.*